

Miðvikudaginn 4. apríl 1990.

Nr. 12/1989. **Eggert Þór Sveinbjörnsson**

(Örn Höskuldsson hrl.)

gegn

Gunnari Inga Gunnarssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Greiðsla. Viðskiptabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. desember 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi er tækniþræðingur, en ekki læknir, eins og ranglega er sagt í héraðsdómi.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, keypti áfrýjandi, sem er bifreiðasali að atvinnu, vélsleða af stefnda 22. janúar 1986 hjá Bílasölunni Bliki sf. Áfrýjandi greiddi sleðann með víxlum og skuldabréfi, sem hann hafði viku áður fengið við sölu á bifreið sinni hjá þessari sömu bílasölu. Hann ritaði ekki framsal á skjölin. Samkvæmt gögnum málsins er ósannað, að stefndi hafi fengið vitneskju um nöfn skuldara þessara viðskiptabréfa fyrr en sama dag og gengið var frá sölnunni. Óumdeilt er, að verð vélsleðans var ekki ákveðið hærra en ella með hliðsjón af þessum greiðsluháttum og að sleðinn var í góðu ásigkomulagi.

Fyrir Hæstarétti hélt áfrýjandi því fram, að krafa stefnda væri fallin niður vegna tómlætis. Málsástæða þessi var ekki höfð uppi í héraði, og verður að telja hana of seint fram komna gegn andmælum áfrýjanda. Þá er ósannað, að innheimtutilraunir gagnvart áfrýjanda hafi ekki hafist, strax og tilefni varð til.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdómara um, að ósannað sé, að stefndi hafi tekið við framangreindum viðskiptabréfum sem fullnað-

argreiðslu, heldur hafi hann tekið við þeim á þeirri forsendu, að þau fengjust greidd hjá samþykkjendum þeirra. Þar sem svo var ekki nema að litlu leyti þrátt fyrir innheimtutilraunir, varð hið fyrra skuldasamband milli stefnda og áfrýjanda aftur virkt. Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfur áfrýjanda. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eggert Þór Sveinbjörnsson, greiði stefnda, Gunnari Inga Gunnarssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 13. apríl 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 24. júní 1987, af Gunnari Inga Gunnarssyni lækni, nnr. 3356-2535, Hraunbæ 18, Reykjavík, gegn Eggerti Þ. Sveinbjörnssyni bifreiðasala, nnr. 1716-6425, Helgalandi 9, Mosfellsbæ.

Mál þetta var dómtekið 10. febrúar sl., en endurupptekið 8. mars sl. og kveðinn upp úrskurður um, að aðilum væri gefinn kostur á að afla frekari gagna. Þann 11. þ.m. var málið endurflutt og dómtekið á ný.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirtaldar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 104.693 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.119 frá 1.2. 1986 til 1.3. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.183 frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 25.4. 1986, af kr. 104.693 frá þeim degi til 25.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 24.6. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að stefnanda sé heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 25.4. 1987.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 79.300 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.200 frá 23.10. 1986 til 15.12.

1986, af kr. 54.300 frá þeim degi til 20.12. 1986, af kr. 79.300 frá þeim degi til 20.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 20.6. 1987, með 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til birtingardags stefnu þessarar, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að stefnanda sé heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20.12. 1987.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 34.939 ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 24.6. 1987 til greiðsludags.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

5. Gegn ofangreindu mun stefnandi framselja stefnda kröfur skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni, að höfuðstól kr. 31.183, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, á hendur Guðna Gunnarssyni, að höfuðstól kr. 73.510, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, einnig fjóra víxla, samþykkt af Lúðvík Ingvarssyni, samtals að fjárhæð kr. 79.300.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi seldi stefnda vélsleða af gerðinni Polaris Indi 600, árgerð 1984, þann 22. janúar 1986. Viðskiptin fóru fram hjá bifreiðasölunni Bliki sf. í Reykjavík. Kaupverð var kr. 323.527, og greiddi stefndi það með tólf víxlum og einu skuldabréfi. Stefndi framseldi hvorki skuldabréfið né víxlana. Gjald dagar voru dreifðir yfir árið 1986, og kom í ljós á gjalddögum, að engin krafanna fékkst greidd.

Fjórir víxlar hafa þó fengist greiddir, samtals að höfuðstól kr. 40.000. Þá hefur stefnanda tekist að gera fjárnám með árangri vegna eins víxils, að upphæð kr. 109.089. Að öðru leyti er kaupverð vélsleðans í vanskilum. Stefndi hefur ýmist gert árangurslaust fjárnám hjá skuldurum ofangreindra viðskiptabréfa eða lagt fram gögn um, að þeir séu gjaldþrota.

Stefnandi var að flytjast búferlum úr Mýrvatnssveit til Reykjavíkur um þetta leyti. Hann ákvað þá að setja vélsleða sinn á sölu og talaði við Jón Sigurðsson bifreiðasla hjá bifreiðasölunni Bliki sf. í því skyni. Hinn 20. janúar 1986 tók stefnandi vélsleðann úr skipi og fór með hann á bifreiðasöluna næsta dag. Stefndi kveður Jón hafa hringt í sig þann 22. s.m. og sagst hafa kaupanda. Lét hann þess jafnframt getið, að væntanlegur kaupandi hefði fleiri sleða í takinu, og því þyrfti stefnandi að bregðast skjótt við. Ekki mundi Jón eftir að hafa ýtt á eftir stefnanda í þessu sambandi.

Samningar tókust milli stefnanda og stefnda þennan dag, og var gengið frá kaupverðinu með víxlum og skuldabréfi, eins og áður sagði. Komið hefur fram í málinu, að viðskiptabréf þau, sem mál þetta snýst um, fékk stefndi sem greiðslu, er hann seldi bifreið á sömu bifreiðasölu viku áður.

Aðilar eru sammála um, að stefnandi hafi fyrst hitt stefnda við undirritun afsals. Stefnandi og Jón hafi rætt afsíðis um viðskiptin, en stefndi hafi aðeins verið kallaður til í lokin til að afhenda bréfin og undirrita samninginn. Eru aðilar sammála um, að stefndi hafi ekki við þetta tækifæri tjáð sig um viðskiptabréfin eða gefið í skyn við stefnanda, að um góða greiðslu væri að ræða.

Stefnandi kveðst hins vegar hafa lagt allt traust sitt á bifreiðasalann Jón. Hann hafi sagt stefnanda, að skuldararnir á þessum viðskiptabréfum væru góðir. Hafi hann talað um, að einhverjir væru öruggir, en aðrir greiddu ef til vill ekki á gjalddaga, en greiddu samt. Stefndi hefur einnig borið, að Jón hafi haldið hinu sama fram, þegar stefndi fékk víxlana og skuldabréfið afhent á bílasölunni viku áður. Þá hefur Stefán Gunnarsson, kunningi stefnanda, sem var með honum á bílasölunni í umrætt sinn, borið, að er kaupin voru gerð, hafi stefnandi innt bílasalann eftir því, hvort hann gæti ekki treyst þessum viðskiptabréfum. Jón hafi svarað því til, að sumir skuldaranna væru 100%, aðrir nokkuð öruggir, en einhverjir þó, sem hann þekkti ekki til. Jón kannaðist hins vegar ekki við áðurgreind ummæli og sagðist hafa það fyrir reglu að fullyrða aldrei neitt um greiðslugetu skuldara á viðskiptabréfum þeim, sem fari í gegnum bílasöluna.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft samband við Jón og beðið hann að láta sig vita, ef hann fengi góðan vélsleða til sölu. Jón hafi tilkynnt honum skömmu síðar, að hann væri að fá sleða úr Mývatnssveit. Stefndi kveðst þá hafa sagt Jóni, að hann vildi greiða sleðann með þeim sömu víxlum og skuldabréfi, er hann fékk við sölu á bifreið sinni viku áður. Jón hafi tekið það til athugunar og skrifað hjá sér nöfn allra skuldara. Þetta hafi verið u.þ.b. 4 dögum áður en viðskipti stefnda og stefnanda fóru fram. Stóð stefndi í þeirri trú, að Jóni hafi ætlað að kynna stefnanda nöfn skuldaranna, svo að stefnandi gæti kannað greiðslugetu þeirra.

Ekki mundi Jón glögg eftir, hvort stefndi hafi gefið honum upp nöfn skuldaranna, en rámaði þó í það. Þá mundi hann ekki eftir, hvort hann tilkynnti stefnanda um nöfnin, áður en kaupin voru gerð, en reiknaði síður með því.

Stefnandi hefur hins vegar borið fyrir dómi, að hann hafi ekki vitað um nöfn skuldaranna, fyrr en viðskiptin fóru fram á bílasölunni. Hafi hann því ekki getað kynnt sér greiðslugetu þeirra.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur þannig:

1. Vixlar pr. 1.2., 1.3. og 1.3. 1986, að upphæð kr. 10.119, kr. 10.627

og kr. 10.392, samþykktir af Gunnari Júlíussyni, Víkurbraut 2, Grindavík, og útgefnir af Valgerði Snorradóttur, sama stað. Gunnar var úrskurðaður gjaldþrota 28. maí 1986 hjá bæjarfógetanum í Grindavík, en skv. vottorði Hagstofu Íslands 16. febrúar 1988 fluttust Gunnar og Valgerður til Svíþjóðar 17. september 1986.

Skuldabréf, að upphæð kr. 73.510, útgefið 25. apríl 1986 af Guðna Gunnarssyni, Laxakvísl 29, Reykjavík, með sjálfskuldarábyrgð Katrínar Jónu Hafsteinsdóttur, sama stað. Bú Guðna var tekið til gjaldþrotaskipta 9. mars 1987, en árangurslaust fjárnám var gert hjá Katrínu þann 2. febrúar 1988.

Samtals nema kröfur stefnanda því skv. þessum lið kr. 104.693.

2. Vixlar með gjalddögum 20.10, 23.10., 15.12. og 20.12. 1986, að upphæð kr. 8.100, kr. 23.100, kr. 23.100 og kr. 25.000, samþykktir til greiðslu af Lúðvík Ingvarssyni, Borgarvegi 4, Njarðvík, en útgefnir af Þuríði Haraldsdóttur, sama stað. Bú Lúðvíks var tekið til gjaldþrotaskipta 4. desember 1986, og lauk skiptum 18. september 1987, án þess að nokkuð fengist greitt upp í lýstar kröfur. Árangurslaust löghald var gert hjá Þuríði þann 16. mars sl.

Samtals nema kröfur stefnanda skv. þessum lið kr. 79.300.

3. Þá gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi greiði tildæmndan málskostnað í málum gegn Gunnari Júlíussyni, kr. 8.433, og Guðna Gunnarssyni, kr. 13.800, en innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ vegna Lúðvíks Ingvarssonar, kr. 12.706.

Samtals nema ofangreindar upphæðir kr. 34.939.

4.-5. Enn fremur gerir stefnandi kröfu um málskostnað í þessu máli skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Gegn ofangreindu mun stefnandi framselja stefnda kröfur skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni og Guðna Gunnarssyni svo og fjóra víxla, samþykktu af Lúðvík Ingvarssyni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ofangreindum víxlum og skuldabréfi á þeim forsendum, að hann fengi greiðslu hjá skuldurum þessara skjala. Þar sem sannreynt sé, að greiðsla fáist ekki, hafi krafa stefnanda til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs á hendur stefnda orðið virk á ný. Heldur stefnandi því fram, að stefndi sé því skyldur til að greiða stefnanda andvirði skjalanna ásamt kostnaði við innheimtu þeirra.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefndi hafi tekið það fram við stefnanda, að hann ábyrgist ekki greiðslur viðskiptabréfanna og því ekki framselt þau. Stefnandi hafi tekið sér nægan tíma til að athuga bréfin og kanna greiðslugetu skuldaranna, og að þeirri athugun lokinni hafi hann tekið tilboði stefnda og tekið við viðskiptabréfunum sem fullnaðar-greiðslu.

Fram hefur komið í málinu, að stefndi hvatti stefnanda á engan hátt til að taka við viðskiptabréfum þeim, sem mál þetta snýst um, sem greiðslu fyrir vélsleðann. Ræddu þeir reyndar ekkert um greiðslugetu skuldaranna sín á milli. Vitnið Jón Sigurðsson bifreiðasali gaf hins vegar í skyn við stefnanda, að treysta mætti viðskiptabréfum þessum, og kann það að hafa orðið til þess, að stefnandi tók ákvörðun um kaupin.

Engu að síður verður að telja, að það hafi verið forsenda af hálfu stefnanda, er hann tók við viðskiptabréfunum, að þau fengjust greidd. Þykir enn fremur ósannað, að stefnandi hafi tekið við viðskiptabréfum sem fullnaðargreiðslu. Stefnandi hefur gert tilraunir til að fá kröfur sínar greiddar, og hafa tilraunir hans að hluta reynst árangurslausar. Hefur stefndi því ekki staðið stefnanda að öllu leyti skil á andvirði vélsleðans, og verður því hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda aftur virkt. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnukröfur þannig:

1. Kr. 104.693 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.119 frá 1.2. 1986 til 1.3. 1986 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.183 frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 25.4. 1986, af kr. 104.693 frá þeim degi til 25.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Kr. 79.300 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.200 frá 23.10. 1986 til 15.12. 1986, af kr. 54.300 frá þeim degi til 20.12. 1986, af kr. 79.300 frá þeim degi til 20.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Kr. 34.939 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 24.6. 1987 til greiðsludags.

Gegn ofangreindu framselji stefnandi kröfur sínar til stefnda skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni og Valgerði Snorradóttur, að höfuðstól kr. 31.183, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, á hendur Guðna Gunnarssyni og Katrínu Jónu Hafsteinsdóttur, að höfuðstól kr. 73.510,70, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, svo og fjóra víxla, samþykkt af Lúdvík Ingvarssyni, samtals að höfuðstól kr. 79.300.

Óþarfi er að staðfesta með dómi, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, þar sem það er lögfest með 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 40.000 í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eggert Þ. Sveinbjörnsson, Helgalandi 9, Mosfellsbæ, greiði stefnanda, Gunnari Inga Gunnarssyni, Hraunbæ 18, Reykjavík, í fyrsta lagi kr. 104.693 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.119 frá 1.2. 1986 til 1.3. 1986, með 2,75% drv. af kr. 31.183 frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% drv. frá þeim degi til 25.4. 1986, af kr. 104.693 frá þeim degi til 25.3. 1987, með 2,5% drv. frá þeim degi til 14.4. 1987, en skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Í öðru lagi greiði stefndi stefnanda kr. 79.300 með 2,25% dráttvarvöxtum á mánuði af kr. 31.200 frá 23.10. 1986 til 15.12. 1986, af kr. 54.300 frá þeim degi til 20.12. 1986, af kr. 79.300 frá þeim degi til 20.3. 1987, með 2,5% drv. frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Í þriðja lagi greiði stefndi stefnanda kr. 34.939 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 24.6. 1987 til greiðsludags. Gegn ofangreindu framselji stefnandi kröfur sínar til stefnda skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni og Guðna Gunnarssyni, svo og fjóra víxla, samþykktu af Lúðvík Ingvarssyni.

Stefndi greiði stefnanda kr. 40.000 í málskostnað.
